

Birtingarmyndir dulinna fordóma og mismunun í garð innflytjenda á Íslandi

Guðrún Pétursdóttir
InterCultural Ísland

Útdráttur: Markmið rannsóknarinnar er að kanna að hve miklu leyti fólki af erlendum uppruna upplifir dulda fordóma og mismunun á Íslandi, hvar slík upplifun á sér helst stað og hvaða áhrif hún hefur á þá sem fyrir henni verða. Skráningarblöðum var dreift til 200 einstaklinga sem höfðu fengið lýsingu á verkefninu og samþykkt þátttöku. Af þeim skiluðu sér svör 89 þátttakenda, 72 af erlendum uppruna og 17 Íslendinga. Á skráningarblaðinu voru talin upp 15 dæmi um niðurlægjandi og fordómafulla framkomu. Þátttakendur voru beðnir um að fara yfir þessi dæmi á hverjum degi í tvær vikur og merkja við ef þeir upplifðu eitthvað af þeim þann daginn, hvar upplifunin átti sér stað og hvaða orð lýsti best líðan þeirra á þeirri stundu. Niðurstöðurnar gefa til kynna marktækan mun á milli íslenskra þátttakenda og fólks af erlendum uppruna. Hátt hlutfall þátttakenda af erlendum uppruna, eða 93%, upplifði einu sinni eða oftar fordómafulla hegðun gagnvart sér á fjórtán daga tímabili. Líðan þátttakenda við sambærilegar aðstæður var sambærileg, óháð þjóðerni.

Lykilorð: Innflytjendur ■ duldir fordómar ■ mismunun

Abstract: The present study aims to find out the nature and effect of everyday prejudice and discrimination in Iceland. The sample consisted of 89 participants, 72 of whom were of foreign origin while the remaining 17 were Icelandic. A recording form was constructed where 15 examples of disrespectful behavior were listed. Over a period of two weeks, the participants were asked to indicate each day whether they had experienced one of the examples that day, where it happened, and how it made them feel. The findings suggested a significant difference between the Icelandic and non-Icelandic samples in terms of perceived prejudice and discrimination. The feelings experienced by different participants in similar situations are similar, independent of origin.

Keywords: Immigrants ■ hidden prejudice ■ discrimination

Inngangur

Fjöldi innflytjenda á Íslandi hefur vaxið hratt frá árinu 2006. Árið 1990 voru 4.812 erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi en árið 2006 voru þeir orðnir 18.563. Fjöldinn fór hratt vaxandi á árunum milli 2006–2008 en flestir voru erlendir ríkisborgarar hér á landi 24.379 talsins árið 2008. Ástæðurnar fyrir þessari fjölgun erlendra ríkisborgara á Íslandi má fyrst og fremst rekja til skorts á vinnuafli á þessum árum, m.a. vegna umfangsmikilla framkvæmda. Eftir að efnahagskreppa skall á á Íslandi fækkaði innflytjendum aftur og í lok árs 2012 voru 20.957 erlendir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi eða u.þ.b. 7% þjóðarinnar. Þann 1. janúar 2012 var langstærsti hópur innflytjenda á Íslandi frá Póllandi eða 9.040 manns og næststærsti hópurinn frá Litháen eða 1605 mans (Hagstofa Íslands, 2013). Þá eru innflytjendur frá Þýskalandi, Danmörku, Lettlandi, Bretlandi, Filippseyjum og Tælandi á bilinu 500–1.000 frá hverju landi um sig.

Með fjölgun fólks af erlendum uppruna hefur orðið talsverð umræða um fordóma, rasisma og mismunun í íslensku samfélagi. Fordómar er hugtak sem flestir telja sig vita hvað þýðir en hefur þó margvíslega merkingu. Allport (1954) skilgreinir fordóma á eftirfarandi hátt: „Andúð sem byggð er á brengluðum og ósveigjanlegum alhæfingum. Þeir geta verið upplifðir eða látnir í ljós. Andúðinni getur verið beint gegn hópi sem heild eða gegn einstaklingi vegna þess að hann eða hún tilheyrir viðkomandi hópi“ (Allport, 1954, bls. 9). Samkvæmt Allport eru fordómar þannig fyrst og fremst viðhorf sem hafa áhrif á hegðun fólks en geta hins vegar verið mjög vel falin þannig að aðeins þeir sem þau beinast gegn verði varir við þau. Samkvæmt van Dijk (1987) eru þjóðernislegir eða rasískir fordómar kerfi neikvæðs mats á persónueinkennum ákveðinna hópa sem skilgreindir hafa verið sem menningarlega öðruvísi. Þolendur fordóma eru því hópar sem *taldir eru* ólíkir meðlimum meirihlutahópsins. Hinn meinti mismunur er metinn sem neikvæður í samanburði við viðhorf, gildi, hefðir og markmið ríkjandi hóps. Þetta neikvæða mat er byggt á ófullnægjandi, alhæfðum hugmyndum um minnihlutahópana, þ.e. staðalmyndum.

Skilgreiningar á rasisma eru afar margar og flóknar en samkvæmt Philomena Essed felur rasísk mismunun í sér „sérhverja gjörð – í orðum eða án orða eða orðnotkun – sem hefur viljandi eða óviljandi neikvæðar afleiðingar fyrir kynþátta- eða þjóðernislega minnihlutahópa. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ásetningur er ekki endilega nauðsynlegur hluti af rasisma“ (Essed, 1991, bls. 45).

Mismunun (e. *discrimination*) er í raun framkvæmdin þar sem fordómar hafa áhrif á hegðun eða gerðir, ýmist einstaklinga, hópa eða stjórnvalda. Oftast er talað um mismunun á íslensku í samhengi við lög og reglur en mismunun getur líka falist í framkomu einstaklinga ráðandi hóps gagnvart einstaklingum minnihlutahóps. Mismunun á sér þannig stað þegar komið er verr fram við einstaklinga eða hópa vegna uppruna þeirra eða einhvers annars sem þeir hafa verið skilgreindir út frá sem *öðruvísi* en meirihlutahópurinn.

Duldir fordómar eða „hversdagsfordómar og mismunun“ gagnvart fólki af erlendum uppruna hafa mun minna verið rædd og rannsökuð af fræðimönnum en fordómar og rasismi almennt. Hugtakið „hversdagsrasismi“ (e. *everyday racism*) má rekja til Philomena Essed (1984). Seinna notar Essed (1991, 2002) einnig hugtökin „hversdagsfordómar“ (e. *everyday prejudice*) og „hversdagsmismunun“ (e. *everyday discrimination*) í skrifum sínum. Samkvæmt Essed (2002) felst hversdagsrasismi í kerfisbundnum, endurteknum og þekktum

venjum og framkomu og hann kemur þar af leiðandi fram við vel þekktar aðstæður í daglegu lífi fólks en ekki sem einstakt, óvenjulegt tilfelli. Þannig sé hverdagsrasismi alltaf rasismi en rasismi ekki alltaf hversdagsrasismi (Essed, 1991).

Alvarez (2010) skilgreinir hversdagsrasisma sem dulin, hversdagsleg form mismununar eins og t.d. að vera hunsaður eða einangraður, gert grín að og hafður að háði, eða að komið sé fram við fólk á einhvern annan hátt en gagnvart þeim sem tilheyra ríkjandi meirihlutahóp. Samkvæmt Alvarez (2010) eru þetta atvik sem virðast saklaus og meinlaus en þegar þau hlaðast upp geta þau haft gífurleg áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks.

Ef fordómar og virðingarleysi gagnvart ákveðnum hópum samfélagsins eru orðin eins og hver önnur rúтина sem litið er á sem „eðlilega“ hegðun er hún ekki viðurkennd sem fordómafull, alla vega ekki af meðlimum meirihlutahópsins. Það þýðir að meirihluta- eða ríkjandi hópurinn í samfélaginu gerir sér ekki grein fyrir öllum birtingarmyndum fordómanna, viðurkennir þær ekki sem mismunun, skilgreinir þær ekki sem rasisma og lítur þar með ekki á þær sem vandamál (Essed, 1991).

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hversdagsfordóma og hversdagmismunun gagnvart fólki af erlendum uppruna á Íslandi og nota til þess rannsóknaraðferð sem ekki hefur verið notuð áður á Íslandi í þessum tilgangi. Gerður hefur verið fjöldi rannsókna á aðstæðum mismunandi hópa innflytjenda á Íslandi sem og á viðhorfum Íslendinga til innflytjenda. Hins vegar er erfitt að nota viðtöl eða aðrar slíkar aðferðir til að rannsaka upplifun fólks af erlendum uppruna í sínu daglega lífi þess.

Markmið rannsókna og rannsóknarspurningar

Meginmarkmið rannsóknarinnar er þríþætt. Í fyrsta lagi er metið hvort fólk af erlendum uppruna upplifi fordóma og mismunun gagnvart sér reglulega í sínu daglega lífi. Í öðru lagi er kortlagt hvar slík upplifun á sér helst stað, og í þriðja lagi skoðað hvaða tilfinningar fylgja slíkri upplifun fyrir þá sem fyrir henni verða. Metið er hvort fólk af íslenskum uppruna upplifi viðkomandi framkomu jafn oft og fólk af erlendum uppruna og hvort munur sé á upplifunum fólks eftir uppruna. Helstu rannsóknarspurningar voru eftirfarandi:

Upplifir fólk af erlendum uppruna reglulega duldar birtingarmyndir fordóma í daglegu lífi?
Hvaða birtingarmyndir hversdagsfordóma og mismununar upplifir fólk af erlendum uppruna oftast í daglegu lífi?

Við hvaða aðstæður upplifa flestir slíka framkomu?

Hvernig tilfinning fylgir því að upplifa dulda fordóma reglulega í daglegu lífi?

Verða Íslendingar almennt fyrir sambærilegri upplifun af hversdagsfordómum og mismunun og fólk af erlendum uppruna í daglegu lífi á Íslandi?

Framkvæmd rannsókna

Essed (1991) nefnir sérstaklega það vandamál við rannsóknaraðferðir á hversdagsfordómum að viðmælendur muni síður eftir því sem kalla mætti „lítill“ eða „ómerkileg“ atvik og kjósi jafnvel að ræða þau ekki til að ekki sé notað gegn þeim að þeir séu að ýkja eða séu ofurviðkvæmir (Essed, 1991). Í stað þess að spyrja þátttakendur beint um reynslu þeirra af fordómum byggir þessi rannsókn á aðferðafræði sem beinist að hegðun sem að mati

rannsakenda lýsir ákveðnu virðingarleysi og fordómum. Rannsóknaraðferðin byggði á skráningu svara við ákveðnum spurningum á hverjum degi í tvær samliggjandi vikur í sama mánuði og grundvallast þau atriði sem spurt var um á fyrri rannsóknum um birtingarmyndum hversdagsrasisma (Alvarez, 2010; Barnes, 2000; Essed, 2002). Þátttakendur voru beðnir um að merkja við á hverjum degi ef þeir upplifðu þann daginn einhverja af þeim 15 tegundum framkomu sem nefndar eru á skráningarblaðinu. Einnig voru þátttakendur beðnir að nefna hvar slíkt atvik átti sér stað og hvaða tilfinningu þeir upplifðu við þær aðstæður sem þeir merktu við. Skráningarblöðin voru þýdd yfir á pólsku, litháísku, tælensku og ensku. Tafla 1 sýnir hlutfall svarenda sem höfðu upplifað eitthvað af viðkomandi atriðum.

Þátttakendur voru valdir með hentugleikaúrtaki í tungumálaskólum í Reykjavík og á vinnustöðum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum þar sem bæði innflytjendur og Íslendingar starfa. Auk þess voru starfandi túlkar beðnir um að dreifa skráningarblöðum til áhugasamra samlanda sinna. Skráningarblaðið var nafnlaust og því fylgdi trúnaðarumslag sem skila mátti í lokaðan kassa á vinnustað eða tungumálaskóla, afhenda starfsmanni rannsóknar eða senda með pósti. Þátttakendur af landsbyggðinni sendu skráningarblöðin með pósti. Með hverju skráningarblaði var bréf á viðkomandi tungumáli þar sem rannsóknin var útskýrð. Ekki var tekið fram í bréfinu að rannsóknin snerist um fordóma.


Tafla 1. Hlutfall þátttakenda sem hafði upplifað neikvæða framkomu á tveggja vikna tímabili

	Erlendur uppruni			Íslenskur uppruni		
	Einu sinni eða oftar	Fimm sinnum eða oftar	Tíu sinnum eða oftar	Einu sinni eða oftar	Fimm sinnum eða oftar	Tíu sinnum eða oftar
Ég upplifði að einhver:						
Þéttist ekki skilja mig	46%	11%	5%	0%	0%	0%
Forðaðist samskipti við mig	46%	6%	0%	12%	0%	0%
Kallaði mig uppnefni	14%	6%	3%	0%	0%	0%
Hlægi að mér	29%	6%	0%	0%	0%	0%
Hunsaði mig, léti eins og sæi mig ekki	58%	9%	3%	23%	0%	0%
Talaði niður til mín	17%	3%	0%	0%	0%	0%
Sýndi vandlætingu með svip	43%	6%	3%	6%	0%	0%
Tala við mig eins og við barn	29%	8%	0%	0%	0%	0%
Glápti á mig, mældi mig út	48%	7%	0%	6%	0%	0%
Hækkaði röddina, til að ég skildi betur íslensku	40%	8%	0%	0%	0%	0%
Talaði ensku við mig án þess að vita hvort ég talaði íslensku	45%	11%	8%	0%	0%	0%
Sýndi mér vantraust eða tortryggni	45%	6%	0%	0%	0%	0%
Sýndi mér óþolinmæði	37%	8%	0%	6%	0%	0%
Kallaði á eftir mér ókvæðisorð	13%	6%	0%	0%	0%	0%
Talaði UM mig við aðra, ekki VIÐ mig	43%	11%	3%	0%	0%	0%


200 skráningarblöð voru send út og skiluðu 89 einstaklingar þeim; 72 af erlendum uppruna (51 kona og 20 karlar) og 17 af íslenskum uppruna (9 konur og 8 karlar). Meðalaldur þátttakenda var 34,1 ár og höfðu 49% erlendu þátttakendanna dvalið lengur en 5 ár á Íslandi, 40% í 2-5 ár og 6% í minna en 1 ár. 5% gáfu ekki upp lengd búsetu hér á landi. Pólverjar voru langfjölmennastir meðal svarenda eða 43. Níu svarendur voru frá Tælandi, sjö frá Filippseyjum og sex frá Litháen. Við úrvinnslu var samtals sjö svarendum af afrískum- og suður-amerískum uppruna slegið saman í einn hóp. Loks skiluðu 17 Íslendingar skráningarblöðum sem fyrr segir.

Niðurstöður

Að meðaltali höfðu 82% þátttakenda upplifað eitt eða fleiri atriði á skráningarblaðinu á því tveggja vikna tímabili sem rannsóknin náði til. Hlutfallið var 93% meðal fólks af erlendum uppruna og 35% meðal Íslendinga. ANOVA-próf sýndi að marktækur munur var á fjölda slíkra upplifana eftir upprunalandi ($F(5, 88)=7,378, p<0,001$). Þá sýndi Tukey's HSD-próf að munurinn var marktækur milli þátttakenda frá Íslandi annars vegar ($M= 0,41, SD=0,50$) og hins vegar þátttakenda frá Póllandi ($M=0,91, SD=0,29$; Tukey's HSD, $p<0,001$), Tælandi ($M=0,89, SD=0,33$; Tukey's HSD, $p<0,01$), Litháen ($M=1,00, SD=0,00$; Tukey's HSD, $p<0,01$), Afríku og S-Ameríku ($M=1,00, SD=0,00$; Tukey's HSD, $p=0,001$) og Filippseyjum ($M=1,00, SD=0,00$; Tukey's HSD, $p=0,001$).



Mynd 1. Hlutfall þeirra sem hafa upplifað einhverjar birtingarmyndir dulinna fordóma á tveggja vikna tímabili




Mynd 2. Hlutfall neikvæðra upplifana eftir þjóðernisuppruna þátttakenda (annað en Ísland)

Mynd 1 sýnir að hlutfall þátttakenda af erlendum uppruna sem höfðu upplifað einhverja þessara birtingarmynda fordóma fimm sinnum eða oftár var 63% en sambærilegt hlutfall var 6% meðal Íslendinga. Þá höfðu 36% fólks af erlendum uppruna upplifað slíka framkomu gagnvart sér 10 sinnum eða oftár, en engir Íslendingar. Að lokum höfðu 15% fólks af erlendum uppruna upplifað slíkt gagnvart sér oftár en 20 sinnum á þessu 14 daga tímabili.


Eins og sjá má á mynd 2 er lítill munur milli þjóðernishópa þegar kannað er hversu margir hafa upplifað neikvætt viðmót einu sinni eða oftár á tveggja vikna tímabili. Pólverjar eru hins vegar öðrum hópum ólíklegri til að hafa upplifað slíkt 5 sinnum eða oftár á tímabilinu. Þátttakendur af afrískum/suður-amerískum uppruna, Litháar og Tælendingar upplifðu oftast slíka neikvæða hegðun gagnvart sér oftár en 10 sinnum og Litháar og Filippseyingar voru líklegastir til að upplifa slíka framkomu 20 sinnum eða oftár á 14 daga tímabili. Þegar aðeins er litið til svarenda af erlendum uppruna sýndi ANOVA marktækan mun milli þjóðernishópa ($F(4, 71)=3.307, p<0.05.$). Tukey's HSD sýndi að marktækur munur var einungis milli Pólverja ($M= 6.93, SD= 7.48$) og Filippseyinga ($M=30.14, SD= 45.74$; Tukey's HSD, $p=.01$), þar sem Filippseyingar merktu að jafnaði mun oftár við einhver atriði en pólsku þátttakendurnir.

Oftast upplifðu þátttakendur að þeir væru hunsaðir eða látið eins og þeir væru ekki til, en önnur dulin birtingarform fordóma, eins og að þykjast ekki skilja viðkomandi, fordást samskipti við þá eða að glápa og mæla út viðkomandi voru líka afar algeng. Athygli vekur að þátttakendur upplifa framkoma sem felur í sér beina mismunun eða opna fordóma mun sjaldnar en hinar duldu birtingarmyndir. Þannig hafa mun færri upplifað að vera kallaðir upp-



Mynd 3. Hvar áttu viðkomandi birtingarmyndir dulinna fordóma sér helst stað?

nefni einu sinni eða oftar eða að kölluð séu á eftir þeim ókvæðisorð þær tvær vikur sem þeir tóku þátt í könnuninni.



Mynd 4. Líðan þátttakenda við þær aðstæður þegar þeir upplifðu hversdagsfordóma

Mynd 3 sýnir að flest atvikin eiga sér stað á vinnustað viðkomandi. Þátttakendur tóku ekki alltaf fram hvar þeir höfðu upplifað viðkomandi hegðun og eru niðurstöðurnar sem hér sjást hlutfall þeirra svara þar sem það var tekið fram. Undir „annað“ falla staðir á borð við „í bænum“, „úti á götu“, „á bar“, „á hárgreiðslustofu“, „hjá lækni“, „í skóla eða frístundaheimili barnsins“ og „heima“.

Þátttakendur skráðu alls 215 athugasemdir um þá líðan sem umrædd upplifun kallaði fram, en þar af lýstu 194 setningar neikvæðri eða afar neikvæðri líðan. Á mynd 4 má sjá fjóra flokka sem lýsa algengustu svörum. Þar má sjá að 81% svarenda lýsti einhverskonar neikvæðri líðan. Þær tilfinningar sem m.a. var lýst undir flokknum „önnur neikvæð líðan“ felast í orðum eins og *misboðið*, *uppgefin*, *niðurlægð*, *einmana*, *einangruð*, *vonbrigði*, *stress*, *kviði*, *skömm*, *óréttlátt*, *grátur*, *óöryggi*, *auðmýkjandi* og *vandræðalegt*.

Umræða og lokaorð

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að meirihluti fólks af erlendum uppruna upplifi reglulega virðingarleysi og mismunun sem vekji með þeim neikvæðar eða afar neikvæðar tilfinningar. Aðeins fimm af 72 þátttakendum af erlendum uppruna höfðu ekki upplifað neina hegðun sem myndi flokkast undir dulda fordóma og mismunun á því tveggja vikna tímabili sem rannsóknin náði til. Þegar horft er til þess að rúm 60% þátttakenda af erlendum uppruna upplifðu slíka hegðun gagnvart sér fimm sinnum eða oftar á 14 daga tímabili gefur það sterklega til kynna að hér sé um að ræða hversdagsmismunun út frá skilgreiningu Essed (2002). Upplifunin er hluti af daglegu lífi stórs hluta þátttakenda og veldur vanlíðan meðal þeirra þjóðernislegu minnihlutahópa sem þátt tóku í rannsókninni. Oftast átti upplifunin sér stað á vinnustað.

Gera má ráð fyrir að flestir geti upplifað neikvætt viðmót af og til í daglegu lífi, t.d. vegna kyns, aldurs, félagslegrar eða efnahagslegrar stöðu, fötlunar eða líkamlegrar eða andlegar heilsu. Þessi rannsókn sýnir að þjóðernisuppruni er einn þáttur sem hefur marktæk áhrif á tíðni slíkra upplifana og eru þær viðvarandi hluti af daglegu lífi margra einstaklinga af erlendum uppruna. Mikilvægt er að hafa í huga að jafnvel þó færa megi rök fyrir því að þrjár spurninganna eigi ekki við um íslensku þátttakendurna þar sem þær snúa beint að tungumálakunnáttu svarenda breytir það engu um raunverulegan fjölda tilvika hjá fólki af erlendum uppruna.

Þessar niðurstöður gefa til kynna að þær birtingarmyndir hversdagsfordóma og mismununar sem eru augljósar og sýnilegar öðrum eru mun óalgengari en sú hegðun sem er dulin og oft ósýnileg öðrum en þeim sem fyrir henni verða. Sú birtingarmynd sem flestir höfðu upplifað á tímabilinu var að þeir væru hunsaðir eða látið eins og þeir væru ekki til. Það er afar erfitt að „sanna“ að maður hafi verið hunsaður eða einhver hafi látið eins og maður væri ekki til eða að einhver hafi forðast samskipti við mann. Að sama skapi er næstum ómögulegt að „sanna“ að einhver hafi *þóst* ekki skilja mann eða sýnt manni vandlætingu með svip. Hins vegar geta verið mörg vitni að því ef einhver er kallaður uppnefnum eða ef kölluð eru ókvæðisorð á eftir fólki á götum úti. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að slík dulin hegðun veldur ekki síður vanlíðan en þegar um augljósari birtingarmyndir er að ræða. Það verður að teljast alvarlegt að 29% þátttakenda af erlendum uppruna upplifðu að hlegið væri að þeim einu sinni eða oftar á tímabilinu og hafi upplifað „*skömm*“, „*sorg*“, „*vonbrigði*“, „*pirring*“, „*leiða*, að vera „*misboðið*“ eða liðið eins og þeir væru „*verri manneskja*“.

Hugsanlegt er að sumar duldar birtingarmyndir fordómanna séu orðnar svo „eðlilegur“ partur samskipta við fólk af erlendum uppruna að þeir sem vanlíðaninni valda geri sér ekki grein fyrir afleiðingum hegðunar sinnar. Má þar t.d. nefna þegar fólk hækkar röddina þegar það talar við fólk af erlendum uppruna. Niðurstöður hér sýna að 40% þátttakenda upplifðu þessa hegðun einu sinni eða oftar á þessu 14 daga tímabili og orðin sem lýstu líðaninni við þær aðstæður voru: „*niðurlægning, óánægð, illa, það pirrar mig, mér líður eins og algjörum lúða, vandræðalegur (embarrassed), reiður, ég er ekki heyrnarlaus*“. Hér má vel vera að einhverjir hafi gert slíkt í góðri trú, til að viðkomandi skildi betur, en hafi ekki hugsað út í niðurlægninguna sem það hefur í för með sér þegar röddin er hækkuð og athygli dregin að viðkomandi sem skilur ekkert betur þó á hann eða hana sé hrópað. Þetta er dæmi um atriði sem auðveldlega mætti vinna með í fræðslu um þessar duldu birtingarmyndir fordóma.

Hér ber þó að hafa í huga mikilvægi þess að einstaklingar sem tilheyra meirihluta-hópnum taki ábyrgð á viðkomandi hegðun í stað þess að gefa í skyn að framkoman hafi ekki verið illa meint og upplifunin sennilega bara verið misskilningur. Þannig eru þeir sem neita að sætta sig við niðurlægjandi eða fordómafulla hegðun gerðir að vandamáli, þ.e. þeir hafa misskilið, ýkt eða verið of viðkvæmir. Margar rannsóknir hafa sýnt (Dutton og Linke, 1973; Dutton og Lennox, 1974; Weitz, 1972) að meirihlutahópurinn hefur sterka tilhneigingu til að draga upp fordómalaus og víðsýna mynd af sjálfum sér. Með því að viðurkenna aðeins hin augljósu form mismununarinnar er hinum duldu birtingarmyndum hennar hins vegar í raun viðhaldið.

Van Dijk (2002) leggur áherslu á það í skrifum sínum að afneitun ríkjandi hóps á fordómum eða rasisma í samfélaginu sé ein aðalástæða þess að þeim er stöðugt viðhaldið og þeir endurnýjaðir í samfélaginu. Fordómafull eða rasísk framkoma er almennt ekki viðurkennd sem eðlileg og þannig vilja fæstir vera álitnir rasistar eða fordómafullir samkvæmt van Dijk: „Setningar eins og „Ég gerði/sagði þetta ekki viljandi“, „Ég meinti þetta ekki svona“, „Þú hefur misskilið mig“ o.s.frv. eru dæmigerð svör til varnar gegn ásökunum um lagalega eða siðferðilega mismunun“ (van Dijk, 2002, bls. 308). Philomena Essed (1991) komst að sömu niðurstöðu í rannsóknum sínum í Hollandi þar sem rannsóknir hennar sýndu mikinn mun á sýn Hollendinga sjálfra á samfélag sitt sem þeir töldu einkennast af umburðarlyndi, auk þess sem rasismi hefði aldrei verið vandamál þar, á sama tíma og rannsóknir sýndu allt annan veruleika. Íslenskar rannsóknir hafa sýnt það sama, þ.e. að Íslendingar telja sig hafa frekar jákvæð viðhorf gagnvart innflytjendum (Friðrik H. Jónsson, 2003; Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2007).

Af svörunum að dæma upplifa flestir neikvætt viðmót á vinnustaðnum, þar sem flestir eyða mestum tíma í daglegu lífi. Þetta gefur til kynna að vitundarvakningar sé þörf á vinnustöðum um ólíkar birtingarmyndir fordóma og þá líðan sem þær valda. Reyndar má ætla að flestir viti hvaða tilfinning fylgir slíkri framkomu en færri átta sig ef til vill á því hversu *oft* fólk af erlendum uppruna upplifir hana í daglegu lífi og hvernig tilfinningin magnast þegar sambærileg neikvæð upplifun á sér endurtekið stað. Hér er þáttur yfirmanna og stjórnenda á vinnustöðum afar mikilvægur en rannsóknir hafa sýnt hversu mikil áhrif framkoma þeirra og viðhorf getur haft á aðra starfsmenn (Essed, 1991). Yfirmenn eru í valdastöðu á vinnustaðnum og því er mun erfiðara að takast á við fordómafull viðhorf eða hegðun þeirra auk þess sem viðhorf þeirra geta beinlínis ýtt undir fordómafull viðhorf annarra starfsmanna. Að sama skapi minnka fordómar og rasismi á vinnustöðum þegar yfirmenn sýna frumkvæði í því að vinna

gegn fordómum og mismunun. Þannig getur víðsýnn og meðvitaður yfirmaður stuðlað að því að starfsfólk komi fram við hvert annað af virðingu og án fordóma (Essed, 1991). Áhugavert væri að rannsaka frekar hvort viðkomandi upplifun á sér frekar stað í ákveðnum atvinnugreinum og áhrif yfirmanna og verkstjóra á samskipti milli íslenskra og erlendra starfsmanna.

Það vekur athygli hversu samhljóma upplifun einstaklinga er við tiltekna aðstæður. Þeir Íslendingar sem merkja við tiltekna upplifun lýsa svipuðum tilfinningum og þátttakendur af erlendum uppruna en sambærilegir atburðir henda Íslendinga hins vegar mun sjaldnar. Það er því mikilvæg niðurstaða þessarar rannsóknar að atvik sem gætu talist lítilvæg eða ómerkileg þeim sem upplifa þau sjaldan hafa mikil neikvæð áhrif á þá sem verða *oft og endurtekið* fyrir þeim. Þannig getur endurtekin upplifun á niðurlægingu eða lítilsvirðingu af hendi annarra í daglegu lífi valdið miklu uppnámi og verið óbærileg fyrir einstaklinga sem upplifa slíkt (Garfinkel, 1967).

Í flestum svörum var neikvæðri líðan ekki lýst mjög nákvæmlega heldur aðeins skrifað „illa“ eða „mjög illa“ en stundum var líðaninni lýst nákvæmar og þá vekur athygli hversu orðin „þirraður“ og „reiður“ koma oft fyrir. Hér væri áhugavert að athuga hvort samhengi sé á milli lengdar dvalar á Íslandi og upplifunarinnar, þ.e. hvort vanlíðanin byrji hugsanlega sem leiði en þróist síðan út í reiði með tímanum. Vissulega gefa svörin við þessum spurningum greinilega til kynna að einstakir þátttakendur taki ákveðna hegðun misjafnlega nærri sér en hún veldur þó vanlíðan, reiði eða leiða hjá langflestum þátttakenda og er það í samræmi við fyrri niðurstöður um hversdagsmismunun (Alvares, 2001; Garfinkel, 1967; Essed, 1991).

Alhæfingargildi þessarar rannsóknar takmarkast af ýmsum þáttum. Byggt er á hentugleikaúrtaki en ekki tilviljunarúrtaki og úrtakið er lítið, sérstaklega í einstökum tungumálahópum. Þá var svarhlutfall fremur lágt en aðeins 44% útsendra skráningarblaða skiluðu sér til baka til rannsakanda. Þá hefur skráningarblaðið ekki verið notað áður af öðrum fræðimönnum og niðurstöðurnar eru því ekki sambærilegar við aðrar rannsóknir. Einnig má telja það takmörkun á rannsókninni að skráningarblaðið er þýtt á fjögur tungumál og hugsanlega er merkingarmunur á ákveðnum hugtökum í mismunandi tungumálum.

Rétt er að halda því til hags að þessi rannsókn snýr ekki að öllum formum hversdagsfordóma og mismununar heldur aðeins að ákveðinni persónulegri hegðun og samskiptum á opinberum stöðum svo sem vinnustöðum, verslunum og opinberum stofnunum þar sem kemur til einhvers konar samskipta milli einstaklinga. Hversdagsfordómar og mismunun geta einnig átt sér stað þar sem ekki kemur til neinna beinna samskipta milli einstaklinga, til dæmis milli fjölmiðlafólks og þeirra hópa sem það fjallar um eða milli þingmanna sem samþykkja lög og reglur er varða aðra hópa en þeir tilheyra sjálfir. Hér er ekki rannsakað hvernig eða hvort aðrir „hversdagslegir“ hlutir, eins og t.d. fréttáflutningur og fjölmiðlar, ýti undir staðalmyndir og fordóma. Ekki var heldur athugað hvort eða hvernig opinberar stofnanir á borð við menntastofnanir, lögreglu, eða opinberar skrifstofur mismuni fólki vegna uppruna. Loks er mikilvægt að hafa í huga að ekki var spurt út í þætti er varða félagslega stöðu, menntun eða efnahag þátttakenda en þessir þættir geta haft áhrif á framkomu gagnvart einstaklingum, t.d. á vinnustöðum eða hjá ýmsum opinberum stofnunum.

Hátt hlutfall fólks af erlendum uppruna á Íslandi upplifir reglulega einhverjar birtingarmyndir dulinna fordóma eða svokallaðra hversdagsfordóma og mismununar. Næstum allir þátttakendur í rannsókninni sem voru af erlendum uppruna upplifðu einhverja tegund virðingarleysis og niðurlægingar á 14 daga tímabili, nærri tveir af hverjum þremur upplifðu

slíkt fimm sinnum eða oftar og nærri einn af hverjum sex 20 sinnum eða oftar á sama tímabili. Fordómafull hegðun hlýtur því að teljast hversdagsupplifun þessa hóps.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir á stöðu innflytjenda á Íslandi sem byggja flestar á viðtölum við einstaklinga af erlendum uppruna. Þannig kemur t.d. fram í M.A.-ritgerð Sigurlaugar Hrundar Svavarsdóttur (2000) um hagi asískra kvenna á Íslandi að virðing og umburðarlyndi Íslendinga gagnvart asískum konum er lítið og það þær verði reglulega fyrir áreitni í daglegu lífi. Einnig kemur fram í B.A.-rannsókn Jóhönnu Ingadóttur (1998) að ættleidd ungmenni höfðu öll upplifað kynþáttafordóma með þeim hætti að þeim var strítt eða þau uppnefnd.

Fyrri rannsóknir benda hins vegar til að Íslendingar telja sig hafa frekar jákvæð viðhorf gagnvart innflytjendum (Friðrik H. Jónsson, 2003; Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2007). Þetta er í samræmi við kenningar Essed (2001) og van Dijk (2001) um að fæstir vilji viðurkenna fordómafull viðhorf og hegðun. Af þessum ástæðum má gera ráð fyrir að fólk af erlendum uppruna geti gefið okkur betri upplýsingar um hegðun einstaklinga meirihlutahópsins gagnvart sér en ef við reyndum að nota meðlimi þess hóps sjálfa sem upplýsingagjafa.

Lýsing þátttakenda á tilfinningum sínum við sambærilegar upplifanir sýna að ekki er hér um einelti eða tilviljunarkenndar einstaklingsupplifanir að ræða heldur kerfisbundið, flókið og margþætt ferli sem er viðhaldið með aðgerðum og aðgerðaleyssi meirihlutahópsins. Valdahlutföllum milli hópa er þannig viðhaldið í gegnum félagsmótun og með stöðugri endurnýjun í gegnum fjölmiðla og aðra samskiptamiðla, stöðluðum ímyndum, skoðunum og framsetningu raunveruleika sem réttlætir óbreytt ástand (Essed, 2002; van Dijk, 2002).

Af niðurstöðum þessarar rannsóknar má draga þá ályktun að fólk af erlendum uppruna upplifi reglulega ákveðið virðingarleysi og að slík framkoma valdi því verulegri vanlíðan. Mikilvægt er að tekið sé mark á líðan þátttakenda við þær aðstæður þegar þeir upplifa hversdagsfordóma og að ekki sé gert lítið úr þeirri líðan þó aðstæðurnar geti þótt „lítillvægar“ í augum þeirra sem sjaldan eða aldrei upplifa þær í sínu daglega lífi. Aðeins með því móti er möguleiki á breytingum. Fyrsta skrefið er að vekja fólk til meðvitundar um afleiðingar framkomu sinnar gagnvart fólki af erlendum uppruna, benda á leiðir til þess að bregðast við og sýna fólki af erlendum uppruna á Íslandi að vilji sé fyrir hendi til að breyta viðhorfum og hegðun gagnvart því til batnaðar.

Heimildir

- Allport, Gordon Willard. (1958). *The Nature of Prejudice*. New York: Doubleday, Anchor.
- Alvarez, Alvin N. (2010). Filipino Americans and racism: A multiple mediation model of coping. *Journal of Counseling Psychology*, 57, 167–178.
- Barnes, Annie S. (2000). *Every Day Racism. A Book for All Americans*. Naperville, Ill: Sourcebooks.
- Beattie, Geoffrey. (2013). *Our Racist Heart? An Exploration of Unconscious Prejudice in Everyday Life*. New York: Routledge.
- Cashmore, Ellis og Jennings James. (Ritstj.) (2001). *Racism, Essential Readings*. London: Sage.
- Dutton, Don G. og Lake, Robert A. (1973). Threat of own prejudice and reverse discrimination in interracial situations. *Journal of Personality and Social Psychology*,

28, 94–100.

- Dutton, Don G. og Lennox, Vicki L. (1974). Effect of prior "token" compliance on subsequent interracial behavior. *Journal of Personality and Social Psychology*, 29, 65–71.
- Essed, Philomena. (1991). *Understanding Everyday Racism: An Interdisciplinary Theory*. London: Sage.
- Essed, Philomena. (2012). *Towards a Methodology to Identify Converging Forms of Everyday Discrimination*. <http://www.un.org/womenwatch/daw/csw/essed45.htm>. Sótt 14. maí 2012.
- Essed, Philomena og Goldberg, David T. (Ritstj.) (2002). *Race Critical Theories, Everyday Racism: A New Approach to the Study of Racism*. Oxford: Blackwell.
- Friðrik H. Jónsson. (2003). Afstaða Íslendinga til útlendinga. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IV. Félagsvísindadeild* (bls. 496-504). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Íslands og Háskólaútgáfan.
- Garfinkel, Harold. (1967). *Studies in Ethnomethodology*. Englewoods Cliffs, NJ: Prentice-Hall.
- Guðrún Pétursdóttir. (2003). *Allir geta eitthvað, enginn getur allt*. Bókaútgáfan Hólar.
- Hagstofa Íslands. (2010). *Mannfjöldi eftir ríkisfangi, kyni og aldri 1. janúar 1998-2013* <http://hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland> . Sótt 20. febrúar 2013.
- Jóhanna Ingadóttir. (1998). „Ég datt í drullupoll“, *Viðtöl við ættleidd ungmenni sem eru dökk á hörund*. Óbirt B.A.-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Ponterotto, Joseph G. og Pedersen, Paul B. (1993). *Preventing Prejudice, A Guide for Counselors and Educators*. London: Sage.
- Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir. (2000). *Asískar innflytjendakonur á Íslandi*. Óbirt M.A.-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Van Dijk, Teun A. (1987). *Communicating racism*. Beverly Hills, CA: Sage.
- Van Dijk, Teun A. (2002). Í *Race Critical Theories, Everyday Racism: A New Approach to the Study of Racism*. Oxford: Blackwell.
- Weitz, Shirley. (1972). Attitude, voice, and behavior: A repressed affect model of interracial interaction. *Journal of Personality and Social Psychology*, 24, 14–21.

Um höfund

Guðrún Pétursdóttir (Gudrun@ici.is) lauk M.A.-prófi í félagsfræði frá Freie Universität Berlin árið 1990. Auk félagsfræðinnar lagði hún stund á fjölmennarlega uppeldisfræði við Institut für interkulturelle Erziehung við sama háskóla og lauk síðar kennslufræði við Háskóla Íslands. Undanfarin 15 ár hefur Guðrún starfað á ýmsum sviðum er varða málefni innflytjenda og hefur síðan 2003 rekið fræðslu- og ráðgjafafyrirtækið InterCultural Ísland (www.ici.is). Hún kenndi við Kennaraháskóla Íslands á árunum 2003-2005 og við kennslufræðideild HÍ á árunum 2006-2009. Hún er höfundur bókanna *Fjölmenningarleg kennsla* (1999) og *Allir geta eitthvað, enginn getur allt* (2003).